

Með sterkar stoðir inn í framtíðina

- Ársreikningur Landsnets 2022 var samþykktur á fundi stjórnar í dag

Ársreikningur Landsnets 2022 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 16. febrúar 2023.

Helstu atriði ársreikningsins:

- Hagnaður nam 32,5 milljónum USD (4.616,4 millj.kr.) á árinu 2022 samanborið við 35,6 milljónir USD (5.053,1 millj.kr.) hagnað á árinu 2021
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 55,1 milljónum USD (7.827,0 millj.kr.)¹ samanborið við 59,0 milljónir USD (8.379,7 millj.kr.) árið áður.
- Handbært fé í lok árs nam 26,3 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 73,0 milljónum USD.
- Heildareignir námu 1.032,4 milljónum USD í árslok samanborið við 1.020,2 milljónir USD 2021.
- Eigið fé nam 482,3 milljónum USD í árslok og eiginfjárhlutfall 46,7%.
- Arðsemi eigin fjár, á árgrundvelli, var 6,8% á árinu 2022.

Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti segir niðurstöður ársreikningsins sýna að félagið standi á sterkum grunni til að takast að við þær breytingar sem eru fram undan í orkumálum. Handbært fé frá rekstri er sterkt, arðsemi eigin fjár félagsins er 6,8% og hlutfall eigin fjár 46,7%. Mikil þörf er á uppbyggingu í flutningskerfinu til næstu ára og því mikilvægt að hafa fjárhagslegan styrk og stöðugleika til að styðja við það verkefni.

„Hlutverk okkar hjá Landsneti er að byggja upp flutningskerfi sem þarf vera í stakk búið að mæta kröfum samtímans ásamt því að geta tekist á við þær áskoranir sem framtíðin býður upp á. Það fylgir því mikil ábyrgð að reka flutningskerfi raforku hvort sem það snýr að afhendingaröryggi, náttúru eða hagkvæmri nýtingu fjármuna. Við lítum svo á að flutningslínurnar okkar séu í lykilhlutverki þegar kemur að orkuskiptum. Til að hámarka nýtingu orkukerfisins og ná markmiðum þjóðarinnar í orkumálum er nauðsynlegt að ráðast í sambærilegar úrbætur og aðrar þjóðir hafa gert á fyrirkomulagi orkuvíðskipta. Framundan eru spennandi tímar og það er því mjög ánægjulegt að ársreikningurinn sýni styrk fyrirtækisins og getu til að takast á við framtíðina með nýjum eigendum“ segir Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala):

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2022	2021	2020	2019
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	162.755	149.750	130.470	140.331
Rekstrargjöld	(107.651)	(90.755)	(83.893)	(90.147)
Rekstrarhagnaður	55.104	58.995	46.577	50.184
Hrein fjármagnsgjöld	(14.845)	(14.762)	(12.555)	(12.714)
Áhrif hlutdeildarfélagss	297	192	137	334
Hagnaður fyrir tekjuskatt	40.556	44.425	34.159	37.804
Tekjuskattur	(8.055)	(8.850)	(6.831)	(7.497)
Hagnaður	32.501	35.575	27.328	30.307

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	972.882	963.536	858.575	799.596
Veltufjármunir	59.468	56.640	52.863	52.711
Eignir samtals	1.032.350	1.020.176	911.438	852.307
Eigið fé	482.281	470.557	404.848	391.311
Langtímaskuldir	496.300	478.002	439.828	353.511
Skammtímaskuldir	53.769	71.617	66.762	107.485
Eigið fé og skuldir samtals	1.032.350	1.020.176	911.438	852.307

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2022	2021	2020	2019
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	72.962	64.443	53.924	67.211
Fjárfestingahreyfingar	(45.052)	(89.588)	(87.096)	(43.889)
Fjármögnunarhreyfingar	(26.534)	25.008	28.697	(30.296)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	(275)	(405)	(732)	(832)
Handbært fé í ársbyrjun	25.224	25.766	30.973	38.779
Handbært fé í árslok	26.325	25.224	25.766	30.973

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	2022	2021	2020	2019
Helstu kennitölur				
EBITDA	91.024	89.733	76.928	79.825
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019
Eiginfjárhlutfall	46,7%	46,1%	44,4%	45,9%

^[1] Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 142,04

Rekstrarreikningur

- Rekstrartekjur námu 162,8 milljónum USD árið 2022 samanborið við 149,8 milljónum USD árið áður. Félagið hefur fjögur megin tekjustreymi; flutning til stórnotenda, flutning til dreifiveitna, innmötun og sölu á flutningstöpum og kerfisþjónustu.
 - Á árinu var innleidd breyting á innmötunargjaldi. Með þessari breytingu lækkuðu tekjur af flutningi bæði frá stórnotendum og dreifiveitum. Tekjur af flutningi til stórnotenda lækkuðu um 4,2 milljónir USD á milli ára og tekjur af flutningi til dreifiveitna lækkuðu um 3,8 milljónir USD á milli ára. Gagnvart dreifiveitum hefur veiking krónunnar á meðalgengi gagnvart USD nokkur áhrif þar sem gjaldskrá til þeirra er í íslenskum krónum. Á móti þessum breytingum hækkuðu tekjur af innmötun og nam sú hækkan 10,4 milljóna USD á milli ára. Í heild hækkuðu tekjur af raforkuflutning, án sölu á tapi og kerfisþjónustu, um 3 milljónir USD á milli ára.
 - Tekjur vegna sölu á kerfisþjónustu og flutningstöpum hækkuðu um 9,7 milljónir USD. Gjaldskrá vegna flutningstapa er ákvörðuð á grundvelli útboða sem gerð eru fyrir hvern ársfjórðung. Á öðrum ársfjórðungi varð vatnsskortur í vatnsaflsvirkjunum sem leiddi af sér tímabundið hærra verð bæði í innkaupum og endursölu.
- Rekstrargjöld hækka um 16,9 milljónir USD á milli ára. Hærra innkaupsverð á orku vegna kerfisþjónustu og tapa nam 9,4 milljónum USD. Afskriftir hækkuðu um 5,2 milljónir USD og rekstrarkostnaður 2,3 milljónir USD.
- Áhrif gengisbreytinga kemur fram í ákveðnum liðum í íslenskum krónum innan tekna og gjalda, en í heild hefur styrkingin óveruleg áhrif á rekstrarhagnað fyrir fjármagnsliði.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 55,1 milljónum USD samanborið við 59,0 milljónir USD árið áður og lækkar um 3,9 milljónir USD á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 14,8 milljónum USD en voru einnig 14,8 milljónir USD á árinu 2021. Hrein fjármagnsgjöld eru því óbreytt milli ára.
- Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 32,5 milljónum USD á árinu 2022. Hagnaður ársins 2021 nam 35,6 milljónum USD.
- EBITDA félagsins var 91,0 milljónir USD á árinu 2022 í samanburði við 89,7 milljónir USD árið áður.

Efnahagsreikningur og sjóðstreymi

- Heildareignir félagsins í árslok námu 1.032,4 milljónum USD samanborið við 1.020,2 milljónir USD í lok árs 2021.
- Handbært fé í lok árs nam 26,3 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 73,0 milljónum USD.
- Heildarskuldir námu í árslok 550,1 milljónum USD samanborið við 549,6 milljónir USD í lok árs 2021.
- Eiginfjárhlutfall í árslok var 46,7% samanborið við 46,1% árið áður.

Greiddur arður á árinu 2022 vegna afkomu 2021 var 3.100 milljónir króna (24,1 milljónir USD).

Horfur í rekstri

Áætlanir félagsins fyrir árið 2023 gera ráð fyrir 33,2 milljónum USD hagnaði af rekstri félagsins. Í tekjuáætlun er byggt á þeim magn- og verðbreytingum sem félagið hafði vitneskju um við gerð

^[1] Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 142,04

áætlunarinnar. Kostnaðaráætlun er byggð á raunkostnaði við rekstur félagsins að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem ákvörðun tekjumarka felur í sér. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að framkvæmdir nemi a.m.k. 101,7 milljónum USD á árinu. Fjármögnun verkefna er í undirbúningi og telur félagið sig hafa gott aðgengi að lánamörkuðum.

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2022 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Uppgjör Landsnets er í bandaríkjadöllum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 16. febrúar 2023.

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu guðlaugs@landsnet.is

Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

^[1] Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 142,04